



Fréttabréf Brekkuskóla

2. október 2008
2. tbl. skólaárið 2008 - 2009
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag

Nú eru fræðslu- og kynningarfundir foreldra afstaðnir þetta haustið og þökkum við þeim sem fluttu stutt erindi fyrir þeirra framlag til fundanna. Nú er verið að safna nöfnum foreldrafulltrúa bekkja saman til að afhenda stjórn Foreldrafélagsins. Handbók Foreldrafélagsins sem afhent var í upphafi skólaársins kemur vonandi að góðum notum við skipulag bekkjarstarfsins í vetur.

Ný vefsíða Brekkuskóla hefur litið dagsins ljós og nú er hún undir vefslóðinni www.brekkuskoli.is

Á vefsíðunni er að finna allar þær upplýsingar sem við koma skólastarfinu og væntum við þess að foreldrar nýti sér þennan miðil við upplýsingaleit. Fréttabréfið verður áfram á sínum stað sem upplýsingamiðill þar sem það helsta sem er á döfinni er dregið fram í dagsljósið.

Kennarar allra skólastiga á Akureyri komu saman einn starfsdag þann 26. september 2008 síðastliðinn. Starfsdagurinn bar yfirskriftina "Ný lög - ný tækifæri" sem vísaði í Ný grunnskólalög sem tóku gildi fyrr á þessu ári.

Hluti starfsfólks er nú að vinna að undirbúningi innleiðingu Uppbyggingstefnunnar meðal annars með því að sækja námskeið og mun stýrihópur innan skólans hefja skipulagða fræðslu til starfsmanna skólans nú í október. Stýrihópurinn skipa Rut Indriðadóttir, Bergþóra Þórhallsdóttir og Steinunn Harpa Jónsdóttir.

Við höfum dustað rykið af eineltisáætlun Olweusar og vinnum samkvæmt henni í samstarfi við starfsfólk Íþróttahallarinnar og Sundlaugar Akureyrar. Olweusaráætlunin fellur vel að uppbyggingarstefnunni og lítum við björtum augum til þróunar þessa verkefnis.

Nemendur í 3.- 4. bekk fá skautakennslu í október og við fáum einnig kynningu á blásturshljófærum í mánuðinum fyrir alla árganga.

Sjáumst í skólanum!

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri



www.olweus.is

Framundan...

3. október

Myndataka 1. bekkur

7. október

Skautakennsla hjá 3.- 4. bekk

14. október

Skautakennsla hjá 3.- 4. bekk

16. - 17. október

Samræmd próf í 4. og 7. bekk

21. október

Skautakennsla hjá 3.- 4. bekk

26. - 27. október

Vetrarfrí



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.kuskoli.is
brekkuskoli@akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Hvað er að fréttu af Naustaskóla?



Kynningar- og umræðufundur fyrir foreldra barna í Naustahverfi, sem munu eiga börn í 1. – 7. bekk á næsta skólaári. Fundurinn verður haldinn í sal Brekkuskóla fimmtudaginn 2. október kl. 20:00-22:00.

Á fundinum mun skólastjóri kynna þá undirbúningsvinnu sem fram hefur farið, skipulag húsnæðismála, helstu áherslur sem lagt er upp með o.fl.

Þá er óskað eftir því að foreldrar kjósi fulltrúa í skólaráð sem mun verða skólastjóra til ráðgjafar við vinnuna framundan.

Foreldrar eru eindregið hvattir til að mæta og hafa mótandi áhrif á skólann okkar frá byrjun.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Ný vefsíða tekin í notkun

Ný vefsíða Brekkuskóla var tekin í notkun í síðustu viku undir slóðinni www.brekkuskoli.is

Síðan er með nokkrar undirsíður eða deildir sem tilheyra meðal annars hverjum árgangi. Þær síður verða teknar í notkun smátt og smátt. Einnig mun námsráðgjafi vera með eina deild svo og allt starfsfólk skólans. Starfsfólkið mun vera með læstan upplýsingavef sem ætlaður er til innanhússnota.

Það voru elsti og yngsti nemandi Brekkuskóla sem formlega opnuðu nýja vefsíðu Brekkuskóla. Það eru þau Berglind Halla 10.SGP og Garpur í 1. bekk



Myndataka fer fram hjá 1. bekk föstudaginn 3. október. Allir aðrir bekkir voru myndaðir á síðasta skólaári. Þá voru einstaklingar einnig myndaðir og myndirnar settar á mentor. Foreldrar og forráðamenn geta keypt bekkjarmyndir í stærðinni 20x30 sm og einstaklingsmynd af hverju barni í stærðinni 13x18 sm. Verðið er 2200 kr. fyrir báðar myndirnar.

Myndrún ehf. tekur við greiðslum og pöntunum mynda. Reiknisnúmerið er 0302-13-800700 kt.2710575129 og er nauðsynlegt að setja nafn barns og bekk sem skýringu.

Hægt verður að fá fleiri myndir og passamyndir af börnunum á ljósmyndastofunni Myndrún ehf. Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð. Frekari fyrirsurnir sendist á myndrun@myndrun.is



MUNIÐ HAFRAGRAUTINN ALLA MORGNA!

Hafragrautur er borinn fram í matsal Brekkuskóla alla skóladaga kl.07:45—07:58